ÍSLENSK VERÐBRÉF

Sent til hlutdeildarskírteinishafa í
ÍV Stokks hs. og ÍV Hlutabréfa hs.

11.11.2025

Tilkynning um breytingar á reglum ÍV Stokk hs. í kjölfar samruna ÍV Stokks hs. og ÍV Hlutabréfa hs.

Bréf þetta er sent hlutdeildarskírteinishöfum ÍV Stokks hs. kt. 611215-9750 og ÍV Hlutabréfa hs. kt. 530623-9550, (hét áður SIV Hlutabréf hs.) en til stendur að sameina þessa tvo innlendu hlutabréfasjóði. Sjóðirnir eru sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og starfa samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða. Báðir sjóðir eru í rekstri Íslenskra verðbréfa hf., kt. 491001-2080, í kjölfar samruna ÍV sjóða hf. og SIV eignastýringar undir nafni Íslenskra verðbréfa hf.

Stjórn Íslenskra verðbréfa hf. hefur samþykkt að sameina ÍV Stokk hs. og ÍV Hlutabréf hs.. ÍV Hlutabréf er yfirtökusjóður og ÍV Stokkur er samrunasjóður. Sameinaður sjóður heitir ÍV Hlutabréf hs.. Samruninn hefur hlotið samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og mun taka gildi þann 17.12.2025.

Dagana 16.12.2025 og 17.12.2025 verður lokað fyrir innlausnir í ÍV Stokk hs. en hægt verður að innleysa í ÍV Stokk alla daga fram að 16.12.2025. Ekki er lokað fyrir innlausnir í ÍV Hlutabréf þessa daga.

Í kjölfar sameiningar ÍV sjóða hf. og SIV eignastýringar hf. undir nafni Íslenskra verðbréfa hf. var ákveðið að sameina sjóði í rekstri sameinaðs félags með sambærilega fjárfestingarstefnu. Markmið fyrirhugaðs samruna er að skerpa á vöruframboði Íslenskra verðbréfa, hagræða og hámarka árangur í sjóðastýringu hvað varðar ávöxtun og kostnað. Sjóðstjórar verða Jón Rúnar Ingimarsson og Halldór Andersen.

Reglur og fjárfestingarstefna yfirtökusjóðsins, ÍV Hlutabréfa hs. gilda eftir samruna.

Fjárfestingarstefna sameinaðs sjóðs verður eftirfarandi:

Hlutabréf skráð á NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	25 – 100%
Hlutabréf skráð í erlenda kauphöll en með starfsemi á Íslandi	0 – 75%
Óskráð innlend hlutabréf	0 – 30%
Skuldabréf með breytirétti	0 – 25%
Afleiður	0 – 25%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 20%
Hlutdeildarskírteini í innlendum sérhæfðum sjóðum	0 – 20%
Skortsala hlutabréfa	0 – 20%

Til viðbótar við breytingar sem leiða af samruna sjóðanna hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á reglum yfirtökusjóðsins vegna breytinga á rekstraraðila í kjölfar samruna ÍV sjóða hf. og SIV eignastýringar hf. og til að uppfylla regluverk um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). Reglur og fjárfestingarstefna sjóðsins, eins og þeim hefur verið breytt, má finna á upplýsingasíðu sjóðsins https://.iv.is/siv-hlutabref/.

Viðmiðunardagur á útreikningi skiptihlutfalls er gildistökudagur samruna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegan markað eru metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörsluaðila, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna þann dag sem skiptihlutfall er reiknað. Fyrir liggur mat endurskoðanda frá KPMG sem óháðs aðila á fyrirhuguðum samruna og þeim kjörum sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði. Samkvæmt því mati eru viðmiðanir sem samþykktar eru við mat á eignum og skuldbindingum samrunasjóðsins og yfirtökusjóðsins, sem og aðferð við útreikning á skiptihlutfalli, ásamt raunverulegu skiptihlutfalli, í samræmi við ákvæði 82. gr. laga nr. 116/2021, og að þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði eru sanngjörn og byggð á réttmætum forsendum. Þetta mat má sjá á upplýsingasíðu sjóðsins. https://iv.is/siv-hlutabref/. Tekjur af eignum sjóðsins uppfærast daglega fram að viðmiðunardegi. Enginn kostnaður fellur á hlutdeildarskírteinishafa vegna samrunans.

Samruni mun ekki hafa veruleg áhrif á eignasafn yfirtökusjóðs og ekki verður framkvæmd endurstilling á eignasafni.

Í eftirfarandi töflu má finna samanburð á gjöldum, þóknunum og útgjöldum yfirtökusjóðs og samrunasjóðs. Umsýslusþóknun sjóðana er sú sama og kostnaður áþekkur, engin árangurstenging er í yfirtökusjóði líkt og í samrunasjóði:

	Yfirtökusjóður	Samrunasjóður
Heildarkostnaður	3,2%	3,3%
Inngöngu- og útgöngukostnaður	0%	1%
Umsjónarlaun og rekstrarkostnaður	1,76%	1,78%
Viðskiptakostnaður	1,44%	0,55%
Árangurstengdar þóknanir	0%	15%

Uppfærða útgáfu af lykilupplýsingum yfirtökusjóðsins má finna á upplýsingasíðu sjóðsins https://iv.is/siv-hlutabref/. Hlutdeildarskírteinishafar eru hvattir til að kynna sér uppfærðar lykilupplýsingar. Vakin er athygli á því að áhættusnið sjóðanna er sambærilegt.

Hlutdeildarskírteinishafar eiga rétt á að innleysa hlutdeildarskírteini sín í sjóðunum án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Einnig skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta í rekstri Íslenskra verðbréfa hf. Innlausnarskyldan tekur gildi við dagsetningu þessa bréfs og gildir til samrunadags.

Þú þarft ekkert að aðhafast vegna samrunans nema þú viljir færa eign þína í annan sjóð félagsins.

Hlutdeildarskírteinishöfum er bent á rétt sinn til að óska eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaðan samruna, þ.m.t. afrit af skýrslu vörsluaðila. Beiðni skal senda á netfangið iv@iv.is.

Virðingarfyllst

Arnór Gunnarsson,
framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.